
Ofanflóðavarnir á Patreksfirði, Urðargata, Hólar og Mýrar Álit um mat á umhverfisáhrifum

1 INNGANGUR

Þann 19. júní 2018 lagði Vesturbyggð fram frummatsskýrslu um varnargarða gegn ofanflóðum á Patreksfirði í hlíðunum fyrir ofan Mýrar og Hóla annarsvegar og Urðargötu hinsvegar til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 22. júní 2018 í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu og Morgunblaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 22. júní til 7. ágúst 2018 á bæjarskrifstofu Vesturbyggðar, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar. Þann 10. júlí 2018 hélt Vesturbyggð kynningarfund á Patreksfirði um framkvæmdina og mat á umhverfisáhrifum hennar.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Vesturbyggðar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Landgræðslu ríkisins, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

Þann 23. ágúst 2018 lagði Vesturbyggð fram matsskýrslu og óskaði eftir áli Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun staðfesti móttöku matsskýrslunnar með bréfi dags. 4. september 2018.

1.1 Gögn lögð fram

Frummatsskýrsla: Ofanflóðavarnir á Patreksfirði, Urðargata, Hólar og Mýrar. Mat á umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla. VSÓ ráðgjöf, maí 2018.

Sérfræðiskýrslur með frummatsskýrslu:

- Gróður og fuglar ofan Urðargötu, Hóla og Mýrar á Patreksfirði. Náttúrustofa Vestfjarða. Hafdís Sturlaugsdóttir.
- Fornleifakönnun vegna ofanflóðavarna á Patreksfirði ofan Urðargötu, Mýra og Hóla. Náttúrustofa Vestfjarða. Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.
- Fornleifakönnun vegna framkvæmda við leiðigarða á Patreksfirði. Náttúrustofa Vestfjarða. Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.
- Minnisblað um áhrif á hljóðvist. VSÓ Ráðgjöf.

Umsagnir um frummatsskýrslu bárust frá:

- Vesturbyggð með tölvupósti dags. 22. ágúst 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með tölvupósti dags. 9. júlí 2018.
- Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 3. júlí 2018.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 23. júlí 2018.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti dags. 2. ágúst 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 20. júlí 2018.
- Veðurstofunni með bréfi dags. 10. júlí 2018.



Engar athugasemdir bárust á kynningartíma frummatsskýrslu.

Matsskýrsla: Ofanflóðavarnir á Patreksfirði, Vesturbyggð, Urðargata, Hólar og Mýrar. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla. VSÓ ráðgjöf, ágúst 2018.

Engar sérfræðiskýrslur fylgdu með matsskýrslu umfram þær sem lágu fyrir í frummatsskýrslu.

2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Í matsskýrslu kemur fram að fyrirhugað sé að reisa varnargarða gegn ofanflóðum á Patreksfirði í hlíðunum fyrir ofan Mýrar og Hóla annarsvegar og Urðargötu hinsvegar. Framkvæmdirnar séu hluti af fleiri ofanflóðavarnargörðum sem annaðhvort hafi verið byggðir eða séu fyrirhugaðir í hlíðunum fyrir ofan bæinn. Vesturbyggð sé framkvæmdaraðili en Framkvæmdasýsla ríkisins muni hafa umsjón með framkvæmdum.

Í matsskýrslu kemur fram að markmið framkvæmda sé að stuðla að bættu öryggi íbúa Patreksfjarðar gagnvart ofanflóðum.

2.1 Aðalvalkostur

2.1.1 Varnargarðar

Í matsskýrslu Vesturbyggðar kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir felist í að byggðir verði tveir varnargarðar ofan Vatnseyrarsvæðisins á Patreksfirði. Framkvæmdasvæðið sé 17 hektarar og áætlað heildarrúmmál mannvirkja verði 170.000 rúmmetrar. Annars vegar Urðargarður, samtengdur þver- og leiðigarður sem muni liggja fyrir ofan Urðargötu, hins vegar Mýrargarður sem myndi fleyg fyrir ofan Hóla og Mýrar. Aurvarnargarður verði samtengdur Urðargarði. Urðargarður verði 7,5-11 m hár yfir núverandi landi, 370 m langur og tvískiptur. Eystri hlutinn verði 250 m þvergarður ætlaður til að stöðva snjóflóð sem falli fyrir ofan Urðargötu meðan vesturhluti garðsins verði 125 m langur leiðigarður sem hafi þann tilgang að beina snjóflóðum sem falli úr meginupptakasvæðinu út í sjó. Mýrargarður verði brattur varnarfleygur fyrir ofan byggð við Hóla og Mýrar, 590 m langur og 5-11 m hár yfir núverandi landi. Hlutverk hans sé að stöðva flóð úr vestari hluta upptakasvæðisins ofan byggðar og taka á móti flóðum sem falli austan megin úr upptakasvæðinu, beina því frá byggð og út í sjó. Flóðfarvegur verði mótaður á milli Mýrargarðs og Urðargarðs þannig að mestur flóðþungi lendi á milli varnargarðanna.

2.1.2 Snjósöfnunargrindur og vindkljúfar

Í matsskýrslu kemur fram að til þess að auka virkni ofanflóðavarnanna verði snjósöfnunargrindum komið fyrir uppi á fjallinu og vindkljúfum við fjallsbrúnir. Talið sé að með uppsetningu snjósöfnunargrinda sé hægt að draga úr snjósöfnun ofan hafnarinnar og draga úr líkum á stórum snjóflóðum. Vindkljúfar hafi það hlutverk að draga úr hengjumyndun.

2.1.3 Landmótun og umframefni

Fram kemur að jarðgrunnurinn sé ýmist snarbrattir klettur eða gróðurlaus skriða. Almenn séu 4-5 m niður á fast fyrir ofan byggð. Gera megi ráð fyrir að hraunlög myndi misháa stalla undir lausum jarðlögum þannig að þykkt yfirborðslaga geti verið breytileg. Mögulega gæti komið til staðbundinnar klappafleygunar til að ná viðunandi dýpt við varnargarða. Á milli Urðargarðs og Mýrargarðs verði mótuð 150 m breið lægð í landið. Landmótunin sé hluti snjótæknilegrar hönnunar garðanna. Þar sé gert ráð fyrir að dýpt skeringa verði að meðaltali 5 m. Búast megi við því að skriður falli áfram úr upptakaskálinni þannig að með tímanum myndist aftur skriðuhryggir í flóðrásinni. Nauðsynlegt sé að hreinsa þessar skriður jafnóðum til þess að rýra ekki virkni varnargarðanna.



Af áætluðu heildarrúmmáli mannvirkja séu áætlaðir 60.000 rúmmetrar af flokkuðu efni í flóðhlið garðanna, sem snúi að fjallinu. Garðarnir verði byggðir úr jarðvegi og jarðvegsstyrkingakerfi notað til að tryggja bratta þeirra flóðmegin. Uppgröftur ofan varnargarða verði nýttur í fyllingar þeirra. Reiknað sé með allt að 205.000 rúmmetrum af umframefni. Gert sé ráð fyrir að hluti þess verði nýttur í fyrirhugaða varnargarða fyrir ofan Sigtún, Hjalla og við Stekkjagil. Þegar framkvæmdum við alla varnargarða sé lokið sé gert ráð fyrir að umfram verði um 100.000 rúmmetrar jarðefna. Fjallað verði um umframefnið í mati á umhverfisáhrifum ofanflóðavarnargarða við Stekkjagil.

2.1.4 Framkvæmdatími og áfangaskipting

Í matsskýrslu Vesturbyggðar kemur fram að áætlaður framkvæmdatími fyrri áfanga, gerð varnargarða, sé 3 - 4 ár og fyrirhugað sé að framkvæmdir hefjist þegar fjárveitingar leyfi, en miðað sé við 2019 / 2020. Búast megi við að framkvæmdir standi yfir allan ársins hring, sem fari þó eftir tíðarfari. Verkinu verði áfangaskipt til að koma í veg fyrir að haugsetja þurfi umframefni þar til framkvæmdir hefjist við Sigtún, Hjalla og Stekkjagil. Mýrar- og Urðargarðar verði byggðir í fyrri áfanga en beðið með seinni áfangann, sem sé mótun flóðrásar á milli garðanna, þar til framkvæmdum á Sigtúnssvæðinu og við Stekkjagil sé að mestu lokið.

2.2 Núllkostur

Í matsskýrslu Vesturbyggðar kemur fram að núllkostur felist í því að ofnaflóðavarnargarðar við Urðargötu, Hóla og Mýra verði ekki byggðir. Í hættumati Veðurstofu Íslands komi fram að stór hluti bæjarins sé innan hættusvæðis C skv. reglugerð, um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats, á því svæði skuli öryggi tryggt, annaðhvort með varanlegum varnavirkjum eða með uppkaupum íbúðarhúsnæðis. Fyrir hættusvæði A og B sé heimilt að tryggja öryggi fólks með eftirliti og rýmingu.

Verði núllkostur valinn og fyrirhugaðir ofanflóðavarnargarðar ekki byggðir þyrfti að kaupa upp 28 íbúðarhús (38 íbúðir) sem séu innan hættusvæðis C, núllkostur sé því ekki talinn ákjósanlegur.

3 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Í matsskýrslu Vesturbyggðar er lagt fram mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á tiltekna umhverfisþætti og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Í leiðbeiningunum eru skilgreindar einkunnir fyrir vægi umhverfisáhrifa, þar sem neikvæðasta vægiseinkunnin er verulega neikvæð, þá talsvert neikvæð, síðan óveruleg áhrif, talsvert jákvæð áhrif og verulega jákvæð áhrif. Skýringar á ofangreindum hugtökum er að finna í töflu 4 í leiðbeiningunum og töflu 9.2 í matsskýrslunni. Í þessu áliti notar Skipulagsstofnun einnig vægiseinkunnina nokkuð neikvæð áhrif. Nokkuð neikvæð áhrif eiga við um staðbundin áhrif sem ná ekki yfir umfangsmikið svæði, áhrifasvæðið nýtur ekki verndar eða er á annan hátt viðkvæmt fyrir breytingum en áhrifin geta verið varanleg og óafturkræf.

3.1 Gróður og vistgerðir

3.1.1 Mat Vesturbyggðar

Í frummatsskýrslu Vesturbyggðar kemur fram að skoðað hafi verið hvaða vistgerðir væru innan framkvæmdasvæðisins skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands auk þess sem Náttúrustofa Vestfjarða (NAVE) hafi unnið úttekt á gróðri. Flestar vistgerðirnar séu algengar á landsvísu en sex þeirra séu á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnist verndar. Fjórar hafi hátt verndargildi og tvær þeirra séu lítt útbreiddar á landsvísu. Hlutfall þessara vistgerða innan framkvæmdasvæðisins sé hins vegar lágt. Engin planta á valista hafi fundist.



Fram kemur að á svæðinu hafi fundist 68 villtar íslenskar tegundir háplantna. Samkvæmt úttektinni sé blómendi algengasta gróðurlendið þar sem ljónslappi sé ráðandi. Gróðurþekja sé skert á mörgum stöðum sérstaklega ofarlega á rannsóknarsvæðinu. Skógrækt sé á rúmlega 3 hekturum og graslendi á 2,4 hekturum. Á þessum svæðum sé gróðurþekja svo til heil. Í skógræktinni hafi fundist innfluttar trjáplöntur. Votlendi sé ekki teljandi. Nokkuð rask sé á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og séu tveir jarðvegsгарðar ofan Urðargötu næst Hólum þar sem lúpína breiði úr sér. Framkvæmdirnar muni hafa áhrif á gróður og vistgerðir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði þar sem gróðurlendi fari undir varnargarða eða verði að víkja vegna skeringa. Svæðið verði grætt upp og gróður endurheimtur eftir að framkvæmdum ljúki.

Niðurstaða Vesturbyggðar um áhrif á gróður

Vesturbyggð telur að á meðan á framkvæmdum standi muni áhrif á gróður vera neikvæð en með uppgræðslu og endurheimt staðargróðurs, verði leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum. Samráð verði haft við Landgræðsluna um eftirlit með uppgræðslu og endurheimt staðargróðurs eftir að framkvæmdum ljúki. Áhrif vegna framkvæmda séu tímabundin og afturkræf. Framkvæmdirnar séu ekki taldar breyta einkennum vistgerða og gróðurfars á Patreksfirði og áhrif framkvæmda séu metin óverulega neikvæð.

Ef ekki verði af framkvæmdum skv. núllkosti muni náttúruleg þróun gróðurfars halda áfram. Áhrif vegna núllkosta séu talin vera óveruleg jákvæð.

3.1.2 Umsagnir og athugasemdir

Í umsögn Landgræðslu ríkisins er bent á að við skipulagningu mótvægisáðgerða sé vert að skoða möguleika á nýtingu gróðurtorfa með staðargróðri frá fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Aðferðin veiti möguleika á að vernda sjaldgæfar vistgerðir. Mögulega þurfi að fylgja endurheimtinni eftir lengur en í tvö ár, líkt og Vesturbyggð geri ráð fyrir. Nauðsynlegt sé að meta árangur endurheimtarinnar í verklok og vinna að áframhaldandi aðgerðum, hafi sá árangur sem sóst sé eftir ekki náðst. Landgræðsla ríkisins mæli með því að sá hluti svarðlagsins þar sem lúpína vaxi verði ekki notaður við frágang.

Í matsskýrslu Vesturbyggðar kemur fram að svarðlag verði haugsett á framkvæmdasvæðinu sem muni nýtast við frágang í lok framkvæmdar. Grasfræjum, sem safnað sé af nærliggjandi svæðum, verði sáð og áburður borinn á eftir að framkvæmdum ljúki. Lögð verði áhersla á að flýta uppgræðslu eins og kostur sé til að hindra jarðvegsrof og moldrok. Vöktun samkvæmt vöktunaráætlun verði á uppgræðslu og brugðist við ef þörf verði á. Vöktun muni því ekki einskorðast við 2 ár líkt og gert hafi verið ráð fyrir á matsáætlunarstigi. Í ljósi umsagnar Landgræðslunnar verði einnig skoðaður sá möguleiki á að nýta gróðurtorf við endurheimt gróðurs auk þess sem séð verði til þess að svarðlag sem innihaldi lúpínu verði ekki notað við fráganginn. Leitað verði til Landgræðslu ríkisins um ráðgjöf varðandi áætlun um uppgræðslu og vöktun.

3.1.3 Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdir muni hafa staðbundin og tímabundin neikvæð áhrif á gróðurfars svæðisins. Eins og fram kemur í matsskýrslu einkennist gróðurlendið af blóm- og graslendi, skógrækt og lúpínu. Þar hafa fundist sex vistgerðir sem þarfnast verndar. Sé kynntum mótvægisáðgerðum Vesturbyggðar um nýtingu staðargróðurs við uppgræðslu fylgt og árangri aðgerðanna fylgt eftir með vöktun er líklegt að draga megí úr hinum neikvæðu áhrifum.



3.2 Landslag og ásýnd

3.2.1 Mat Vesturbyggðar

Í frummatsskýrslu Vesturbyggðar kemur fram að landslag svæðisins, sér í lagi fjallið Brellum sem gnæfi yfir, hafi gildi fyrir íbúa Patreksfjarðar. Fjallið og fjaran hafi haft áhrif á hvernig bærinn hafi byggst upp, langur og mjór á litlu undirlendi. Framkvæmdir muni hafa áhrif á landslag þar sem varnargarðar verði þétt við byggðina og vel sýnilegir. Þeir muni breyta útlínunum hlíðarinnar neðst í Brellum og þrengja að bænum. Við skipulag og mótvægisáðgerðir verði ásýnd varnargarða milduð með landmótun og breytilegum fláum hlémegin auk þess sem gert sé ráð fyrir skógrækt þar sem þeir mæti óhreyfðu landi, til að draga úr áhrifum þeirra.

Niðurstaða Vesturbyggðar um áhrif á Vistgerðir, gróður og fuðurlíf

Vesturbyggð telur að fyrirhugaðar framkvæmdir muni breyta einkennum landslags og ásýnd svæðisins verulega. Áhrifin séu marktæk á svæðisvísu, séu til langs tíma og óafturkræf. Mótvægisáðgerðir muni draga úr áhrifum sem séu engu að síður talin verða verulega neikvæð.

Verði ekki af framkvæmdum muni landslag og ásýnd svæðisins haldast óbreytt. Núllkostur sé því ekki talinn hafa áhrif.

3.2.2 Umsagnir og athugasemdir

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif umræddrar framkvæmdar verði sjónræn áhrif vegna breytinga á fjallshlíðinni ofan bæjarins. Reynslan hafi sýnt að unnt sé að milda ásýnd snjóflóðamannvirkja talsvert með góðri landmótun og uppgræðslu.

Í matsskýrslu Vesturbyggðar kemur fram að mótvægisáðgerðir muni draga úr neikvæðum áhrifum. Ásýnd varnargarðanna verði annars vegar milduð með landmótun og breytilegum fláum hlémegin og hins vegar með skógrækt á jaðarsvæðum.

3.2.3 Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdir muni hafa staðbundin og varanleg, neikvæð áhrif á landslag og ásýnd svæðisins. Eins og fram kemur í matsskýrslu einkennist landslagið af fjallinu Brellum, litlu undirlendi sem kaupstaðurinn hefur byggst á, fjörunni og firðinum. Framkvæmdirnar eru áfangi í heildaruppbyggingu ofanflóðavarna við þéttbýlið á Patreksfirði. Garðarnir verða umfangsmiklir eða samtals um 1 km langir og 5-11 m háir. Þegar horft er til ásýndarbreytinga með tilkomu garðanna er ljóst að samlegðaráhrif verða með núverandi garði við Klif og fyrirhuguðum gördum ofan Sigtúns, Hjalla og við Stekkjagil. Skipulagsstofnun tekur undir þær áherslur sem lagðar eru á mótun varnargarðanna og flóðrása í greinargerð framkvæmdaraðila. Í ljósi mikilvægis sjónrænna áhrifa þeirra á bæjarmynd og næsta nágrenni, telur stofnunin mikilvægt að kynntum mótvægisáðgerðum Vesturbyggðar um landmótun og skógrækt verði fylgt en þær felast í landmótun með breytilegum fláum hlémegin og skógrækt þar sem varnargarðarnir mæta óhreyfðu landi.

4 SKIPULAG OG LEYFI

Breyting á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 var staðfest 2013. Svæðið fyrir ofan þéttbýlið á Patreksfirði er þar skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota. Í greinargerð segir: „Á þessum svæðum er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum en þeim sem vænta má vegna almennar útivistar, s.s stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk. Einnig er gert ráð fyrir varnarvirkjum vegna snjóflóða“. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru því í samræmi við gildandi aðalskipulag.



Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf jafnframt að liggja fyrir deiliskipulag af mannvirkjunum. Skipulagsstofnun tekur undir þær áherslur sem lagðar eru á mótun varnargarðanna og flóðrása í matsskýrslu framkvæmdaraðila. Í ljósi mikilvægis sjónrænna áhrifa þeirra á bæjarmynd og næsta nágrenni, telur stofnunin að í deiliskipulaginu þurfi að gera ítarlega grein fyrir og tryggja vandaða hönnun og útfærslu garðanna með hliðsjón af ásýnd byggðar og tengslum við byggðina, sbr. kafla 3.1.2 og 3.2.2 hér að framan.

Framkvæmdin er háð eftirfarandi leyfum: Framkvæmdaleyfi Vesturbyggðar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Leyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða samkvæmt reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Leyfi Minjastofnunar Íslands ef raska þarf eða færa til fornleifar, skv. lögum um menningarminjar.

5 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 11. gr. laga og 26. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Vesturbyggðar sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Skipulagsstofnun telur að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif ofanflóðavarna á Patreksfirði, við Urðargötu, Hóla og Mýrar, felist í varanlegur sjónrænum áhrifum og áhrifum á landslag. Framkvæmdirnar muni einnig hafa neikvæð áhrif á gróður og vistgerðir en með mótvægisáðgerðum sem felast í því að halda eftir svarðlagi af svæðinu og notkun staðargróðurs við uppgræðslu verði unnt að draga verulega úr neikvæðum áhrifum.

Framkvæmdaraðili þarf að fylgja kynntum mótvægisáðgerðum um landmótun garðanna og skógrækt til að milda sjónræn áhrif, einnig að nýta staðargróður við uppgræðslu og fylgja árangri hennar eftir með vöktun í samráði við Landgræðslu ríkisins.

Reykjavík, 29. október 2018

Sigurður Ásbjörnsson

Matthildur Bára Stefánsdóttir